


Kæru félagar HRFÍ

Ég hef elskað hunda síðan að ég man eftir mér og verið í kringum þá mest alla ævi. Árið 2012 fékk ég minn fyrsta golden retriever og fljótlega eftir það byrjaði ég að hafa áhuga á ræktun og hundasýningum. Það var í febrúar 2014 sem ég fór á mína fyrstu sýningu og hef mætt á þær flest allar síðan þá. Ég hef verið að flytja inn golden retriever frá árinu 2014 og var með mitt fyrsta got árið 2015. Ræktunarnafnið mitt er Golden Magnificent og markmið mitt og einlægur áhugi er að rækta heilbrigða og fallega hunda með gott geðslag.

Undanfarin 5 ár hef ég átt sæti í stjórn Retrieverdeildarinnar og er að byrja mitt fjórða ár sem formaður deildarinnar. Á sama tíma hef ég einnig verið í sýninganefnd Retrieverdeildarinnar þar sem við höfum skipulagt hin ýmsu námskeið og tvær deildarsýningar á ári. Verkefnin eru mörg og fjölbreytt og það hefur verið ánægjulegt að starfa í stjórn.

Hjá Hundaræktarfélagi Íslands hef ég sinnt hinum ýmsu störfum. Ég var nokkur ár í ritnefnd Sáms en hef einnig verið í sýninganefnd og starfað á sýningum sem ritari. Það sem mér hefur fundist skemmtilegast við þetta starf er hversu mörgu góðu fólki ég hef kynnst sem allt deilir jafn miklum áhuga á hundum og hundarækt.



Hundar og allt sem þeim tengist hefur verið mitt helsta áhugamál undanfarin ár. Ræktun og sýningar hafa verið stór þáttur í starfi mínu með hundana en einnig hef ég farið á hin ýmsu hundanámskeið. Ég lærði hundapjálfun á árunum 2018-2019 og er útskrifuð sem hundajálfari frá Heiðrúnu Villu en núna nýlega lauk ég hundasnyrtinámi hjá London School of Grooming.

Ég er mjög áhugasöm um að starfa fyrir félagið okkar og vil leggja mig fram við að bæta hag okkar sem ræktenda og hundaeigenda.

Með góðri kveðju,
Sunna Birna Helgadóttir

